

Efni: Styttta af Tinna á Akureyri - staða mála

Komið er á samband við tengiliði hjá leyfishafa Hergé í Belgíu.

Við óskuðum strax í upphafi eftir verðhugmynd og hvaða möguleikar eru á því að setja upp styttu á Torfunefsbyggju með þeim drögum af teikningum sem komnar eru af svæðinu, auk þess sem við sendum með myndir af núverandi útliti svæðisins.

Þær verðhugmyndir sem við fengum til baka hljóðuðu upp á u.þ.b. kr. 2.100.000 auk kostnaðar í tengslum við uppsetningu og mögulega fyrir starfsfólk frá Hergé, eða skv. póstinum „I would imagine that a Statue would cost +/- € 15,000. There would be extra costs for our team for the installation.“

Þegar við óskuðum eftir upplýsingum um hvers konar styttu væri um að ræða fyrir þann pening, sendu þau okkur mynd af styttu sem sett var upp í Fribourg í Sviss. Útlínur af persónu úr Tinnasöggunni skorna út í járn. Sjá meðfylgjandi mynd.



Í ljós kom að þau eru ekki með staðlaðar styttur, heldur er Hergé með samstarf við tvo listamenn sem útfæra verk í samstarfi við þau en við getum komið með óskir um það hvað verkin sýni.

Einnig vilja fulltrúar Hergé sjá endanlega útfærslu á svæðinu, þ.e. teikningar af svæðinu og hvar styttan á að koma.

Við þurfum því að klára hönnun á svæðinu, senda teikningar og helst myndir líka. Gefa upp hvað við erum tilbúin að borga fyrir verkið og hvaða hugmyndir við erum með varðandi þema/efni til að geta haldið áfram.

Með kveðju,

María H. Tryggvadóttir,
verkefnastóri ferðamála